



Starfsleyfisskilyrði fyrir skotvöll í Álfsnesi. Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis.

1. gr.

Gildissvið og almenn atriði

- 1.1 Starfsleyfið gildir í 12 ár frá útgáfudegi, fyrir rekstur skotvallar utandyra og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.
- 1.2 Skotvöllurinn er fyrir leirdúfur og er einungis heimil notkun á haglabyssum.
- 1.3 Skylt er að endurskoða starfsleyfið ef mengun af völdum starfseminar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun án óhóflegs kostnaðar.
- 1.4 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem kann m.a. að leiða til aukins mengunarálags á viðtaka ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.5 Starfsleyfishafa ber að fylgja almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi, samþykktum af Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 29. febrúar 2000, sbr. fylgiskjal 1 svo fremi sem neðangreind skilyrði taki ekki á þeim.

2. gr.

Umhverfissvænn rekstur skotvallar

2.1 Hreinsun og notkun á blýi og leirdúfum.

- 2.1.1 Á ný og eldri skotæfingasvæði þar sem blý og aðrir þungmálmar úr skotum geta dreifst skal leggja yfirborðslag úr jarðefni sem bindur vel þungmálma og er auðhreinsanlegt. Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með val á efni og þykkt yfirborðslags. Skotvöllir þar sem einungis eru notuð stálskot eru undanþegnir þessu ákvæði.
- 2.1.2 Á fimm ára fresti skal, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, mæla hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist. Yfirborðslagið skal hreinsa áður en þungmálmamengun berst niður úr því. Skotvöllir þar sem einungis eru notuð stálskot eru undanþegnir þessu ákvæði.
- 2.1.3 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH¹.
- 2.1.4 Leitast skal við að nota stálskot eða önnur vistvænni skot en blý.
- 2.1.5 Við hvert skotstæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.

¹ PAH = Polycyclic aromatic hydrocarbons



2.2. Hávaðavarnir

- 2.2.1 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun leita leiða til að meta hávaða eftir bestu fánlegu tækni í samræmi við gildandi reglugerð um hávaða (724/2008).
- 2.2.2 Starfsleyfishafa er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, veggja, klefa, eða annarra hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 2.2.3 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.

3. gr.

Opnunartími athafnasvæðis

- 3.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
 - a. á veturna, frá 16. september til 14. apríl:
 - á virkum dögum frá kl. 12-20 og á laugardögum frá kl. 12-18. Heimilt er að rýmka opnunartíma ef fyrirkomulag skotkeppni krefst þess, þó má ekki hefja skotæfingar fyrr en eftir kl. 11 og ekki má nota skotsvæðið eftir kl. 20. Ef um skotkeppni er að ræða er heimilt að nota skotsvæðið innan sama tímaramma á sunnudögum.
 - b. á sumrin, frá 15 apríl til 15. september:
 - á virkum dögum frá kl. 10-22 og á laugardögum frá kl. 10-18. Heimilt er að rýmka opnunartíma ef fyrirkomulag skotkeppni krefst þess, þó má ekki hefja skotæfingar fyrr en eftir kl. 10 og ekki má nota skotsvæðið eftir kl. 20 um helgar. Ef um skotkeppni er að ræða er heimilt að nota skotsvæðið innan sama tímaramma á sunnudögum.
 - c. ef ekki er hægt að æfa á laugardögum sökum veður þá er leyfilegt að æfa á sunnudögum á sama tíma og hefði verið opið á laugardegi. Gildir það bæði fyrir sumar og vetraropnun.
- 3.2 Starfsleyfishafi getur sótt um aukin opnunartíma, fyrir sérstaka viðburði sem ekki teljast hluti af reglulegri starfsemi. Sækja skal um slíkt með minnst 14 daga fyrirvara.



4. gr.
Skráningar

- 4.1 Starfsleyfishafa ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og skila árlega skýrslu til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Eftirfarandi þætti ber að skrá:
 - a. Hvenær æfingar fara fram á vellinum.
 - b. Áætlað magn (kg) blýs sem fellur á völlinn við æfingar.
 - c. Fjöldi leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.
- 4.2 Reglulega skal fara fram almenn hreinsun á athafnasvæðinu þar sem tóm skothylki, forhlöð og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Ef þurfa þykir, þá skal sérstök hreinsun fara fram að hausti til.

5. gr.
Ýmislegt

- 5.1 Eintök af starfsleyfisskilyrðunum og viðkomandi reglum skulu ávallt tiltæk á athafnasvæðinu. Skulu starfsleyfisskilyrðin kynnt öllu starfsfólki svæðisins.
- 5.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.
- 5.3 Yfirmaður stöðvanna ber ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við framangreind skilyrði, önnur starfsleyfisskilyrði sem gætu átt við starfsemina og gildandi lög og reglugerðir er varða starfsemina.
- 5.4 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissviptingu.

Samþykkt á 89. fundi Heilbrigðisnefndar 08.06.2015

Samþykkt í Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 08.06.2015



Lögreglustjórn á höfuðb.sv.

Leyfisbréf

Viðurkenning á æfinga- og keppnissvæði skotfélags

Lögreglustjórn á höfuðb.sv. gjörir kunnugt:

Neðangreint æfinga- og keppnissvæði leyfishafa telst uppfylla skilyrði IV. kafla reglugerðar um skotvopn, skotfæri o.fl. nr. 787/1998. Með heimild í 24. gr. vopnalaga nr. 16/1998 er æfinga- og keppnissvæðið hér með viðurkennt sem slíkt.


Svæðinu, notkun þess og öryggisráðstöfunum er lýst í neðangreindum texta.

Viðurkenning þessi gildir í 5 ár frá útgáfudegi en leyfisveitandi getur hvenær sem er afturka

Skotfélag:	Skotveiðifélag Reykjav og nágr, 4406871809
Heimilisfang félags:	Pósthólf 8485, 128 Reykjavík - 8
Símanúmer félags:	aðal: 863 4709 annar: 557 8529 , 861 7291
Ábyrgðarmaður:	Friðrik Garðarsson, 0906512269
Heimilisfang áb.manns:	Lækjarbergi 48, 221 Hafnarfirði
Símanúmer áb.manns:	hs: 555 3049 vs: 565 3049 annar: 892 9160
Eigandi svæðis:	Skotveiðifélag Reykjav og nágr, 4406871809
Heimilisfang eiganda:	Pósthólf 8485, 128 Reykjavík - 8
Símanúmer eiganda:	hs: 555 3049 vs: 565 3049 annar: 892 9160
Lega svæðis:	Álfsnes, Mosfellsbær
Notkun svæðis:	Haglabyssur í samræmi við reglugerð 787/1998 og reglur ISSF. Einnig er heimilt að ákomuskjóta.
Öryggisráðstafanir:	Svæðið er afgirt, skotstjórar stjórna skotæfingum og keppni. Annað í samræmi við leyfi LR frá 15.11.2006
Dags. umsóknar:	22.4.2014
Númer umsóknar:	007-2014-01117
Gildistími viðurkenningar:	22.2.2010 - 22.2.2020
Leyfisgjald:	kr. 5.000.-

Reykjavík, 22.4.2014

F.h. Lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu



Áritun og stimpill





Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið

LEYFI

til að starfræða skotvöll í Álfsnesi

Nafn leyfishafa: Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis

Heimilisfang: Laugavegur 103

Póstnr. 101

Kennitala: 440687-1809

Útgáfudagur leyfis: 5. maí 2009

Gildir til: 5. maí 2021

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarmir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða.

Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga og laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og reglugerða settum samkvæmt þeim. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með meðfylgjandi almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi og skotvelli og sértækum skilyrðum fyrir skotvöll í Álfsnesi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Umhverfissvið Reykjavíkur. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Frammið þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar um það. Starfsleyfi þetta skal hanga um á löberandi staði.

Ef starfsleyfið er gefið út til lengri tíma en fjögurra ára er óheimilt að endurskoða það á fjögurra ára fresti. Leyfishafi skal hlíta starfsleyfisskilyrðum eftirlitsaðila samkvæmt gildandi gjaldslögum.

Reykjavík, 5. maí 2009

